

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga til bæjarráðs

Dags: 12. apríl 2023

Málsnúmer: 202303539/10.6.0

Sendandi: Kristbjörg Hjaltadóttir, stjórnandi félagsþjónustu og Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki meðfylgjandi samning Mosfellsbæjar við Ásgarð handverkstæði fyrir tímabilið 2023-2026.

Greinargerð:

Tillaga er gerð að því að gerður verði áframhaldandi samningur milli Mosfellsbæjar og Ásgarðs handverkstæðis. Ásgarður veitir fötluðum íbúum Mosfellsbæjar mikilvæga hæfingatengda þjónustu og geta notendur nýtt sér pláss hálfan daginn eða heilan. Fyrri samningur gildi tímabilið 2018-2022. Sú breyting er frá fyrri samningi að Mosfellsbær hefur fækkað stöðugildum sínum úr 11 í 10. Þau 10 stöðugildi hafa verið fullnýtt.

Ásgarður hefur ekki hækkað samningin á milli Mosfellsbæjar og Ásgarðs í undanföllum samningum utan leiðréttingu á launaliðnum í samræmi við launavísitöluhækkun.

Undanfarna mánuði hafa aðföng og annar kostnaður hækkað verulega og því fer Ásgarður fram á hækkun samningsins á milli Ásgarðs og Mosfellsbæjar um samtals um 12,5%, þar af koma 7,3% til vegna launavísitöluhækkunar og 5,2% vegna kostnaðarhækkana. Þess má geta að Hafnarfjörður og Kópavogur nýta að jafnaði 5 af þeim 10 stöðugildum sem Mosfellsbær kaupir af Ásgarði og innheimtir Mosfellsbær viðeigandi greiðslur af þeim bæjarfélögum.

Í fjárhagsáætlun ársins 2023 var gert ráð fyrir hækkun á samningnum og rúmast breytingarnar því innan fjárhagsáætlunar.

*Virðingarfyllst,
Kristbjörg Hjaltadóttir
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

Fylgiskjal:

- Samningur við Ásgarð 2023-2026